

Gerðardómur

í máli Tollvarðafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs

Greinargerð og dómsorð

1. Skipan dómsins

Með tölvubréfi 26. ágúst 2024 tilkynnti ríkissáttasemjari um skipan gerðardóms á grundvelli fylgiskjals með kjarasamningi Tollvarðafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 5. júní 2002, en sem kunnugt er hafa tollverðir, sem embættismenn, ekki verkfallsrétt.


Kjarasamningur deiluaðila rann út 31. mars 2024. Tollvarðafélag Íslands (TFÍ) ákvað í byrjun apríl að afturkalla samningsumboð sitt til BRSB og semja sjálft við samninganefnd ríkisins. Haldnir voru þrjú samningafundir, síðast 12. júní sl. en ekki tókst samkomulag með aðilum. Á fundi hjá ríkissáttasemjara 28. júní sl. ákvað TFÍ að beita framangreindri heimild til að vísa deilunni í gerðardóm. Varð þá sammæli með aðilum að frá skipun gerðardómsmanna skyldi gengið fyrir lok ágústmánaðar og ráðgert að gerðardómurinn skyldi ljúka störfum fyrir lok septembermánaðar.

Samkvæmt framangreindu samkomulagi aðila um gerðardóm þennan er úrskurður gerðardómsins fullnaðarúrlausn viðkomandi kjaradeilu og kemur í stað kjarasamnings aðila fyrir það tímabil sem í úrskurðinum greinir.

2. Reifun málsins

Í 5. og 6. tl. fylgiskjals með kjarasamningnum frá 5. júní 2002 um störf dómsins segir að dómurinn setji sér starfsreglur og skuli hann í úrskurði sínum hafa til hliðsjónar þær tillögur sem deiluaðilar hafa sett fram. Setti dómurinn sér m.a. reglur um atkvæðagreiðslu og að auki var óskað eftir frekari gögnum frá málsaðilum og var orðið við því. Dómurinn gaf einnig kost á að deiluaðilar legðu fram viðbótargögn að eigin frumkvæði.

Á öðrum fundi gerðardómsins lögðu tollverðir fram endanlega greinargerð Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um samanburð á kjörum tollvarða og annarra opinberra starfsmanna frá febrúar 2014 til 2024, auk kröfugerðar sinnar. Í skýrslu Hagfræðistofnunar kemur fram að gerður hafi verið samanburður á kjörum tollvarða og allra ríkisstarfsmanna á tímabilinu. Í skýrslunni segir að tollverðir sem stétt telji ríflega hundrað manns en stöðugildi allra ríkisstarfsmanna séu tæp 15 þúsund. Niðurstaða skoðunar Hagfræðistofnunar sýndi að regluleg laun tollvarða (dagvinnulaun og vaktalag) hefðu hækkað hægar en laun allra ríkisstarfsmanna í upphafi tímabilsins og mest hafi á þá hallað í þeim samanburði árið 2017. Eftir það hafi tollverðir sótt á aðra ríkisstarfsmenn og árin 2021 og 2022 farið nokkrum sinnum fram úr félögum sínum. Í september 2023, síðasta mánuðinum sem gögn um báða hópa hafi legið fyrir, hafi vantað 3% upp á að regluleg laun tollvarða hafi hækkað til jafns við alla ríkisstarfsmenn frá árinu 2014. Tekið er fram að um


 1

meðaltöl sé að ræða, þá hafi það áhrif á niðurstöðurnar að ekki sé alltaf sama fólk í gagnasafninu auk þess sem fjöldi félagsmanna og starfsaldur kunni að torvelda samaburðinn, auk þess sem einstakar stéttir vegi ekki alltaf jafnþungt í hópi ríkisstarfsmanna. Þannig sé t.d. líklegt að háskólamönnum fjölgi með tímanum. Þá er enn fremur gerður samanburður á þróun heildarlauna tollvarða gagnvart ríkisstarfsmönnum. Sá samanburður sýnir að heildarlaun allra ríkisstarfsmanna hafi hækkað 12% meira en tollvarða á tímabilinu frá febrúar 2014 til september 2023. Tekið er fram að sérstakar aðstæður kunni að verða til þess að heildarlaun hækki mikið um tíma, t.d. skortur á starfsfólki. Fjölgun háskólamanna hjá ríkinu kunni einnig að skýra það að einhverju leyti og breytingar á vinnutíma.

Á grundvelli þessa samanburðar gerði TFÍ kröfu um 12% launahækkun auk sömu hækkana og aðrir ríkisstarfsmenn hefðu fengið með samningum. Að auki kröfðust tollverðir þess að aðfangadagur og gamlársdagur yrðu skilgreindir sem stórhátíðardagar að fullu. Þá gerðu tollverðir kröfu um að skertir möguleikar þeirra til aukastarfa, sem birtust þeim í sérstökum reglum og kvöðum, sbr. 20. gr. laga um réttindi og skyldu starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 yrðu bættir. Þá settu tollverðir fram kröfu um að þeir skyldu leystir frá embætti þegar þeir yrðu fullra 65 ára eða fyrr, til samræmis við kjör lögreglumanna og fangavarda. Þá var krafist aukins sveiganleika varðandi vinnutíma og að réttur til hlutastarfs yrði ótvíræður. Tollverðir kröfðust einnig greiðslu klukkustundar til viðbótar greiðslu vegna útkalla og að stofnanasamningar yrðu færðir inn í aðalkjarasamninga.

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra (fjr.) var lögð áhersla á að samningar ríkisins við viðsemjendur sína væri rammi um launhækkanir en samningar um launaröðun væru gerðir innan hverrar stofnunar. Frá árinu 2019 hefði aðallega verið samið á grundvelli krónutöluhækkana þannig að þeir sem lægst væru launaðir hefðu fengið hlutfallslega meiri hækkanir er hærra launaðar stéttir. Á þessum sama grunni hefði nú verið samið við önnur stéttarfélag innan BSRB. Í tvígang hefði nú verið samið við TFÍ á þessum nótum.

Fjr. gerði athugasemir við skýrslu Hagfræðistofnunar og hafnaði því að til hennar yrði litið við mat á launaþróun tollvarða. Meðal annars var gerður fyrirvari við skilgreiningu reglulegra launa sem meðaltal dagvinnulauna og vaktaálags og vísað til skilgreiningar Hagstofunnar um inntak reglulegra launa, inn í reikniforsendur Hagfræðistofnunar vantaði því fasta yfirvinnu. Þá geti tilfallandi yfirvinna og álag haft áhrif á heildarlaun. Fjr. áréttaði að í skýrslu Hagfræðistofnunar væri stuðst við tölur sem sýni heildarlaun, án þess að tillit væri tekið til bandalaga eða stéttarfélaga eða fjölda stöðugilda innan hvers hóps launamanna hjá ríkinu. Af þessu hljótist óraunhæf mynd af stöðunni. Vegið meðaltal hefði gefið raunhæfari mynd af þróuninni. Af hálfu frj. voru lagðir fram útreikningar og tölulegar upplýsingar m.a. um laun og fjölda stöðugilda innan allra hópa starfsmanna ríkisins. Þar voru borin saman heildarlaun þau sem skýrsla Hagfræðistofnunar lagði til grundvallar og vegin meðaltals heildarlauna ríkisstarfsmanna. Samanburður á þessu leiddi í ljós að óvegin heildarlaun ríkisstarfsmanna í febrúar 2014 námu liðlega 544.000 krónum, en ef litið væri til vegins meðaltals námu þau liðlega 500.000 krónum. Á sama hátt námu óvegin heildaralaun allra ríkisstarfsmanna í september 2023 1.054.000 krónum en vegin 898.000 krónum. Þá kom þar fram að vegið meðaltal launa tollvarða í febrúar 2014 hafi numið

 2

558.000 krónum, og í september 2023 966.000 krónum. Endurreiknað meðaltal heildarlauna samkvæmt þessu leiddi til þeirrar niðurstöðu að tollverðir hefðu í reynd fengið meiri hækkunir en aðrir ríkisstarfsmenn öll viðmiðunarárin. Niðurstaða Hagfræðistofnunar gefi því ekki rétta mynd af launaþróun tollvarða sem í reynd standi mun betur en niðurstaða Hagfræðistofnunar sýni. Ekkert tilefni væri því til sérstakrar eingreiðslu þeim til handa á þessum grunni.

Þá vísað fjr. einnig til aðgerða stjórnvalda á grundvelli stöðugleikasamnings sem gerður var á almennum vinnumarkaði, sem hefði það markmið að skapa skilyrði fyrir minni verðbólgu og lækkun vaxta. Tollverðir nyttu góðs af þeim aðgerðum sem ríkið hefði ráðist í á grundvelli þess samnings og launastefnunnar. Þá lagði fjr. fram drög að samningi þar sem launatafla tollvarða hefur verið uppfærð eftir skekkingar sem orðið hafa með krónutöluhækkunum sl. ár, og kvað þá leiðréttingu muna nýtast tollvörðum vel sakir þess hvernig þeir raðist innan töflunnar og lagði fram talnaefni því til stuðnings.

Á þriðja fundi gerðardóms kom fulltrúi Hagfræðistofnunar fyrir gerðardóminn og gerði grein fyrir forsendum útreikninga stofnunarinnar og svaraði spurningum gerðardómsmanna. Hann upplýsti m.a. að þær tölur sem stuðst hefði verið við í útreikningum stofnunarinnar hefðu verið fengnar af heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis og þar væri um að ræða óvegnað meðaltalstölur.

3. Viðmið og túlkun gagna

Við endanlega niðurstöðu gerðardómsins hefur dómurinn einna helst tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- Þróunar kjaramála tollvarða á undanförunum árum, m.v. framlögð gögn.
- Krafna og tillagna málsaðila.
- Kjarasamnings fjármála- efnahagsráðherra við Sameyki 2024.
- Laga og reglna er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Sem fyrr segir liggur gerðardómsmeðferð þessari til grundvallar bókun sem málsaðilar gerðu sín á milli við kjarasamningsgerð árið 2002, í ljósi þess að tollverðir hafa ekki verkfallsrétt. Í þeirri bókun segir berum orðum að við upphaf viðræðuáætlunar aðila geti hvor aðili um sig óskað eftir því að fyrir liggi mat óháðs aðila, t.d. Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, á því hvort tollverðir hafi haldið kjaralegri stöðu sinni til jafns við aðra opinbera starfsmenn sem falla undir lög nr. 94/1986. Skulu aðilar hafa það mat til hliðsjónar í viðræðum sín á milli um enurnýjun eða breytingar á kjarasamningi.

Eins og rakið hefur verið aflaði TFÍ slíks mats frá Hagfræðistofnun og lá það fyrir í byrjun apríl 2024. Verulegur ágreiningur var með málsaðilum um það hvort matið gæfi rétta mynd af þróun kjara tollvarða og gerði fjr. athugasemdir við þær tölulegu forsendur sem lagðar eru til grundvallar í niðurstöðu Hagfræðistofnunar. Á fundi með fulltrúa Hagfræðistofnunar fékkst staðfest að þær tölur sem stofnunin studdist við væru ekki sambærilegar þeim tölum sem stofnunin hefur áður stuðst við í matsgerðum, síðast við gerðardómsmeðferð árið 2014.

 3


Sömuleiðis að mögulega hefði verið heppilegra að styðjast við launatölur með vegnu meðaltali þannig að viðmiðunarhópar hefðu réttara vægi í matinu. Þá virðist ljóst af samanburði á því talnaefni sem málsaðilar hafa lagt fyrir dóminn, að við mat Hagfræðistofnunar hafi auk þeirra hópa ríkisstarfsmanna sem falla undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, einnig verið litið til launa a.m.k. hluta þess hóps ríkisstarfsmanna sem þau lög taka ekki til. Kann það að skekkja niðurstöður þessa samanburðar.

Óumþrætt er að frá árinu 2019 hefur launastefna ríkisins miðað að hækkun lægstu launa gegnum krónutöluhækkanir. Slíkar krónutöluhækkanir leiða eðli máls samkvæmt til hlutfallslega meiri hækkunar á lægstu launaflokkum umfram þær prósentuhækkanir sem almennt er samið um og því meiri sem launin eru lægri. Á þessum nótum hefur verið samið við TFÍ í tvígang frá árinu 2014, líkt og við aðra hópa og tollverðir því fengið sömu eða sambærilegar prósentuhækkanir og aðrir hópar viðsemjenda ríkisins. Að þessu virtu verður litið svo á að skerðing sem kann að hafa orðið á kjörum tollvarða á því tímabili sem liðið er frá því ágreiningur málsaðila var síðast lagður í gerð, kunni m.a. að eiga sér skýringu í framangreindri launastefnu. Sömuleiðis kunni skýringa á niðurstöðu Hagfræðistofnunar að vera að leita í þeirri aðferðarfræði sem beitt var við matið. Af framansögðu virtu verður litið svo á að TFÍ hafi ekki sýnt fram á að þeir hafi dregist aftur úr kjörum miðað við samanburðarhópinn sem nemi 12% á umræddu tímabili.

Á hitt ber þá að líta sem TFÍ hefur haldið á lofti í skriflegri greinargerð sinni til dómsins að ýmsar breytingar á stofnanasamningum, m.a. hjá öðrum stéttum sem starfa hjá sömu stofnun og tollverðir, hafi leitt til hækkana grunnlauna hjá öðrum félögum en tollvörðum. Sömuleiðis hafa tollverðir vísað til þess að þrátt fyrir jafnlaunavottun sem fengist hafi árið 2020 sitji tollverðir með viðbótarmenntun eftir í launum.

Stofnanasamningar eru hluti af kjarasamningi, gerðir undir friðarskyldu, sbr. 11. kafla kjarasamnings TFÍ og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Með stofnanasamningi er samið um launasetningu einstakra starfa og starfsheita innan stofnunar og virðingu einstakra þátta í því samhengi, svo sem viðbótarmenntun og starfsreynslu sem nýtist í starfi. Þessi samningar hafa því vissulega áhrif á launakjör stéttarinnar. Fyrir liggur að gildandi stofnanasamningur TFÍ er frá árinu 2018, og að endurskoðun hans mun vera í farvatninu en upplýst var að viðræðum þar um var frestað þar til kjarasamningur hefði verið gerður. Þeir þættir sem TFÍ telur vanmetna hvað tollverði varðar í stofnanasamningi geta ekki komið til skoðunar gerðardómsins. Þá er heldur ekki á forræði gerðardómsins að kveða á um að stofnanasamningur verði felldur inn í aðalkjarasamning. Hvað jafnlaunavottun varðar er markmið með henni að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynja á vinnumarkaði. Jafnlaunavottun byggir á sérstökum reglum og stöðlum, sem sæta eftirliti og endurskoðun sem gerðardóminum er ekki ætlað að fjalla um.

Hvað varðar kröfur tollvarða um uppbót vegna skerðingar á möguleikum þeirra til að aukastarfa og rétt til hlutastarfs verður að líta til þess að embættismönnum eru hvað það varðar, almennt settar skorður lögum samkvæmt. Þá hlýtur framboð eða möguleikar á hlutastarfi hjá einstökum stofnunum að ráðast af starfseminni sem slíkri og teljast ekki réttindi í þeim skilningi. Þá er það ekki á færi eða hlutverk gerðardómsins að hlutast til um breytingar á framangreindu.



Um starfslok lögreglumanna fer samkvæmt 29. gr.a., lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 3. gr. laga nr. 56/2003. Samkvæmt því skulu lögreglumenn leystir undan störfum við 65 ára aldur, eða fyrr eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð. Ákvæði þetta kom nýtt inn í lögin árið 2003 og var því ætlað að taka af skarið um að lögreglumönnum væri skylt að láta af störfum við 65 ára aldur. Samhliða þessari lagabreytingu voru gerðar breytingar á ákvæðum laga nr. 1/1997 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins varðandi lífeyriskjör lögreglumanna. Engum slíkum lagaákvæðum er fyrir að fara varðandi tollverði eða störf þeirra og fer því um skipan þeirra og starfstíma samkvæmt lögum nr. 70/1996. Ákvörðun um breytingu á starfslokaaldri tollvarða er því ekki á forræði gerðardómsins og verður því að hafna þeirri kröfu.

Í þeim kjarasamningum sem þegar hafa verið gerðir við félagsmenn innan BSRB hafa verið gerðar margvíslegar breytingar í tengslum við styttingu vinnuviku almennt. Þar á meðal breytingar sem varða reiknitölur dagvinnustunda og greiðslur fyrir yfirvinnu og útköll. Sömuleiðis hafa verið gerðar breytingar á vægi vinnuskyldustunda vaktavinnufólks þeim til hagsbóta. Þá stendur til að endurskoða fyrirkomulag bakvakta og útkalla og stýrihópi um betri vinnutíma er ætlað að starfa til ársins 2028 til að tryggja að þau markmið sem lagt var upp með í því verkefni náist. Í þeim stýrihópi eiga tollverðir sinn fulltrúa. Gerðardómurinn fellst því ekki á kröfur TFÍ um viðbótargreiðslur vegna útkalla, umfram það sem almennt er í kjarasamningum, né heldur kröfur um sérstakar greiðslur til viðbótar vegna stórhátíðardaga.

Að öllu framansögðu virtu er það mat dómsins að TFÍ hafi ekki sýnt fram á að þeir hafi dregist aftur úr í kjörum samanbórið við aðra opinbera starfsmenn sem falla undir lög nr. 94/1986. Því verði að hafna kröfu TFÍ um 12% launahækkun til viðbótar þeim hækkunum sem þegar hefur verið samið um við aðra starfsmenn ríkisins. Til þess að tryggja tollvörðum þau kjör og þá endurskoðun launa og réttinda sem þegar hefur verið samið um við aðra ríkisstarfsmenn, þykir á hinn bóginn rétt að kjarasamningur aðila framlengist með þeim hætti sem hér að neðan greinir.

Dómsorð

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist með eftirfarandi breytingum og viðbótum:

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila, ásamt bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja samkomulagi þessu:

1.4.2024	3,25% eða 23.750 kr.
1.4.2025	3,50% eða 23.750 kr.

 5 

1.4.2026	3,50% eða 23.750 kr.
1.4.2027	3,50% eða 23.750 kr.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2024	106.000 kr.
Á árinu 2025	110.000 kr.
Á árinu 2026	114.000 kr.
Á árinu 2027	118.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2024	58.000 kr.
Á árinu 2025	60.000 kr.
Á árinu 2026	62.000 kr.
Á árinu 2027	64.000 kr.

4. gr.

Betri vinnutími

Með samkomulagi þessu falla fylgiskjöl 1 og 2 um betri vinnutíma á brott þann 31. október 2024. Eftirfarandi breytingar verða gerðar á miðlægum kjarasamningi, frá 1. nóvember 2024:

Grein 1.1.2 breytist og verður svohljóðandi:

1.1.2 Brot úr mánaðarlaunum reiknast þannig, að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma.

Grein 1.4.1 breytist og verður svohljóðandi:

1.4.1 Tímakaup í dagvinnu er 0,632% af mánaðarkaupi í hverjum launaflokki og þrepi.

Grein 1.5.1 breytist og verður svohljóðandi:

1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi.



Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1 Kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram 38,92 stundir á viku (168,63 stundir miðað við meðalmánuð).

 6 

Föst yfirvinna sem er merkt sem slík í launakerfinu verði greidd sem yfirvinna 2.

Greinar 1.6.1 og 1.6.2 breytast og verða svohljóðandi:

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1.

Vaktaálag skal vera:

33,33%	kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga
55,00%	kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
65,00%	kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga
55,00%	kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
75,00%	kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga
120,00%	kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgdag og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

33,33%	kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga
45,00%	kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
45,00%	kl. 00:00 - 08:00 mánudaga
33,33%	kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga
45,00%	kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
120,00%	kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgdag og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

Grein 2.1.1. breytist og verður svohljóðandi:

2.1.1 Vinnuvika starfsmanna í fullu starfi er 36 virkar vinnustundir.

Ný grein 2.3.3 skilgreinir yfirheiti á gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2 sem haldast óbreyttar:

2.3.3 Útköll

Grein 2.3.6 breytist og verður svohljóðandi:

2.3.6 Reglubundin vinna dagvinnumanna innan dagvinnumarka, í einn mánuð eða lengur, allt að vinnuskyldu miðað við fullt starf, greiðist sem reiknað hlutfall af mánaðarlaunum enda hafi starfsmanni verið kynnt það áður en sú vinna hófst. Það



sama gildir um reglubundna vinnu vaktavinnumanna, að uppfylltum sömu skilyrðum, óháð því hvenær sólarhrings sú vinna fer fram.

Því er beint til stofnana að setja sér nánari reglur varðandi yfirvinnu og hvenær sé rétt að ræða endurskoðun á starfshlutfalli enda sé yfirvinna reglubundin eða fyrirséð.

Grein 2.5.2 breytist og verður svohljóðandi:

2.5.2 Starfsmaður á rétt á fríi í stað greiðslu álags fyrir bakvakt. 20 mínútna frí jafngildir 33,33% vaktaálagi, 27 mínútna frí jafngildir 45% vaktaálagi, 72 mínútna frí jafngildir 120% vaktaálagi og 99 mínútna frí jafngildir 165% vaktaálagi.

Grein 2.5.4 breytist og verður svohljóðandi

2.5.4 Fyrir reglubundna bakvakt skal veita frí sem svarar mest 80 klst. fyrir 1200 klst. á bakvakt. Frí þetta skal veita hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Bakvaktafrí er að hámarki 80 stundir vegna ákvæðis 2.5.4 þótt bakvaktastundir séu fleiri en 1200. Leitast skal við að taka bakvaktafrí samhliða ávinnslu og svo fljótt sem unnt er.

Ákvæði til bráðabirgða: Þeir starfsmenn sem fyrir gildistöku samnings 1. apríl 1997, höfðu lengri frí, allt að 96 vinnuskyldustundum fyrir hverjar 1440 klst. skulu halda því á meðan á samfelldri ráðningu þeirra stendur.

Undirkafla 2.6 um vaktavinnu breytist og verður svo hljóðandi:

2.6 Vaktavinna

2.6.1 Þeir sem vinna á reglubundnum vöktum, skulu fá álag fyrir unnin störf á þeim tíma er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils skv. gr. 2.2.1.

Ef skipulagður vinnutími starfsmanns er að jafnaði 20% eða meira utan dagvinnumarkna telst hann vaktavinnumaður.

2.6.2 Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum skal leggja fram drög að vaktskrá, sem sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, sex vikum áður en hún tekur gildi. Endanleg vaktskrá skal lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst, nema samkomulag sé við starfsmann um skemmri frest.

Krefjist starfsemi stofnunar breytingar á vaktskrá skal hún gerð með samþykki starfsmanns. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt breytingargjald sem nemur 2% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða breytingargjald sem nemur 1,3% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi. Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24. klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða breytingargjald sem nemur 1,3% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

- 2.6.3 Við samningu vaktskrár skal þess gætt að helgidagavinna skiptist sem jafnast á starfsmenn.
- 2.6.4 Að jafnaði skulu vaktir vera á bilinu 4 - 10 klst. Heimilt er, sbr. gr. 2.1.2, að semja um aðra tímalengd vakta.
- 2.6.5 Þar sem nauðsyn er á samvistartíma við vaktaskipti, skal fella hann inn í hinn reglulega vinnutíma.
- 2.6.6 Skipulagi vaktavinnu skal haga þannig að starfsmenn fái að jafnaði tvo samfellda frídaga í viku.
- 2.6.7 Árleg vinnuskylda vaktavinnufólks sem vinnur á reglubundnum vöktum skal að jafnaði vera sú sama og hjá dagvinnufólki. Vinnuskylda vaktavinnufólks lækkar því um 7,2 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga, skv. gr. 2.1.4.2, sem falla á mánudag til föstudags að undanskildum aðfangadegi og gamlársdegi sem skal vera 3,6 klukkustundir fyrir hvorn dag miðað við fullt starf. Að jafnaði skal taka út lækkun á vinnuskilum vegna sérstakra frídaga innan tímabils vaktskrár. Óski starfsmaður eftir því að safna upp vinnuskilum vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga skal hann tilkynna sínum yfirmanni um það fyrir framlagningu vaktskrár þegar ávinnsla á sér stað. Yfirmanni er skylt að verða við óskum starfsmanns enda verði því viðkomið vegna starfsemi stofnunar. Í þeim tilvikum þar sem vinnuskil vegna sérstakra frídaga og stórhátíðardaga flytjast á milli mánaða skal halda utan um það og starfsfólk upplýst reglulega. Vinna sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga skal auk þess launa með álagi skv. gr. 1.6.1.

Með reglubundnum vöktum er átt við vaktir sem skipulagðar eru alla daga að meðtöldum sérstökum frídögum og stórhátíðardögum. Í þeim tilvikum þar sem stofnun er lokuð á sérstökum frídegi eða stórhátíðardegi fær starfsmaður sem á vakt þann dag skv. skipulagðri vaktskrá frí sem vaktinni nemur í stað lækkunar vinnuskyldu og að teknu tilliti til lengdar vaktar.

2.6.8 Vægi vinnuskyldustunda vaktavinnufólks

Vinnuskyldustundir vaktavinnufólks utan dagvinnumarkna skv. skipulagðri vaktskrá og innan vinnutímaskyldu hafa ólíkt vægi við útreikning vinnuskila. Vinnuskyldustundir sem greiddar eru með 33,33% og 55% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,05 þannig að fyrir hverjar 60 mínútur reiknast 63 mínútur. Vinnustundir sem greiddar eru með 65% og 75% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,2 þannig að fyrir hverjar 60 mínútur reiknast 72 mínútur. Þrátt fyrir framangreint skulu vinnuskil starfsmanns í fullu starfi aldrei fara undir 32 vinnustundir á viku að jafnaði (að meðaltali á launatímabili) og hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Vinnuskyldustundir sem greiddar eru með 120% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,05 á tímabilinu 08:00-24:00 og vægið 1,2 á tímabilinu 00:00-08:00. Vinnuskyldustundir sem greiddar eru með 165% vaktaálagi hafa vægið 1,20.

2.6.9 Vaktahvati

Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og uppfyllir skilyrði greinarinnar fær greiddan vaktahvata með eftirfarandi hætti. Vaktahvati greiðist sem hlutfall greiddra mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á þremur síðustu uppgjörstímabilum samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á því tímabili utan dagvinnumarkna (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 126 vinnuskyldustundir. Vaktir eru flokkaðar í fjórar tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir

 9 

(55% og 75% álag). Þá skal lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta vera 45 vinnuskyldustundir. Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar að meðaltali á uppgjörstímabili til þess að njóta vaktahvata.

Þegar starfsfólk hefur störf reiknast vaktahvati fyrir eitt uppgjörstímabil á fyrsta og öðrum mánuði í starfi þannig að lágmarksfjöldi stunda utan dagvinnumarka eru 42 og lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta eru 15. Eftir þrjú mánuði í starfi reiknast vaktahvati skv. 1. mgr. Það sama á við þegar samið er um breytingar á starfshlutfalli sem nema 40% eða meira til hækkunar eða lækkunar.

Hlutfall vaktahvata miðast við eftirfarandi töflu:

FJÖLDI VAKTA	TEGUNDIR VAKTA			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	12,5%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

Vaktahvati reiknast miðað við þrjú síðustu uppgjörstímabil. Með uppgjörstímabili er átt við uppgjörstímabil breytilegra launa á starfsstaðnum. Vaktahvati greiddur 1. apríl miðast því við uppgjörstímabil til greiðslu í útborgun launa 1. febrúar, 1. mars og 1. apríl og vaktahvati greiddur 1. maí við launatímabil til greiðslu 1. mars, 1. apríl og 1. maí.

2.6.10 Starfsmenn sem vinna reglubundna vaktavinnu, skulu undanþegnir næturvöktum ef þeir óska er þeir hafa náð 50 ára aldri.

2.6.11 Um vinnutíma þeirra vaktavinnumanna, er fyrir gildistöku kjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB frá 19. desember 1970 unnu 36 og 37 klst. vinnuviku, skal eftirfarandi gilda:

Þegar skylduvinna er unnin kl. 24:00-08:00, á laugardögum eftir kl. 12:00 á hádegi eða sunnudögum, teljast 50 mín. jafngilda einni klst.

Regla þessi gildir einungis um þá starfsmenn persónulega sem fullnægja ofangreindum kröfum um vinnutíma, enda leggi BSRB fram lista með nöfnum þeirra einstaklinga sem njóta þessara sérstöku réttinda.

Ákvæði þetta tekur einungis til þeirra manna er voru í starfi 1. jan. 1974. Sjá samstarfsnefnd BSRB 23. febr. 1979.

Kafli 3 breytist og verður svohljóðandi:

3 Hlé frá vinnu, fæði og matstofa

3.1 Hlé frá vinnu

3.1.1 Starfsmönnum er heimilt að neyta matar og drykkja við vinnu sína þegar því verður við komið starfsins vegna og slík hlé eru hluti af virkum vinnutíma.

3.1.2 Heimilt er með samkomulagi stjórnenda stofnunar og einfalds meirihluta þeirra starfsmanna sem málið varðar að ákvarða dagleg hlé sem eru á forræði starfsmanna.

Ákvörðuð lengd þeirra lengir daglega viðveru starfsmanna samsvarandi enda teljast slík hlé ekki til virks vinnutíma.

Á þeim stofnunum þar sem hlé eru ákvörðuð með slíku samkomulagi og unnið er í hléinu að beiðni yfirmanns er greitt fyrir það með yfirvinnukaupi.


Þeir einstaklingar og/eða starfahópar sem fyrir gildistöku þessa samnings fengu að jafnaði reglubundið greiðslur skv. gr. 3.2. í eldri samning, skulu halda sambærilegum greiðslum sbr. bókun 2.

3.2 Fæði og mötuneyti

- 3.2.1 Starfsmenn sem eru við störf á föstum vinnustað, skulu hafa aðgang að matstofu eftir því sem við verður komið. Matstofa telst sá staður í þessu tilviki þar sem hægt er að bera fram heitan og kaldan mat, aðfluttan eða eldaðan á staðnum. Húsakynni og aðstaða skulu vera í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyfirvalda. Starfsmenn greiði efnisverð matarins en annar rekstrarkostnaður greiðist af viðkomandi stofnun.
- 3.2.2 Á þeim vinnustöðum þar sem ekki er starfrækt mötuneyti, skal reynt að tryggja starfsmönnum aðgang að nærliggjandi mötuneyti á vegum vinnuveitanda, eða látinn í té útbúnaður til að flytja matinn á matstofu vinnustaðar þannig að starfsmönnum sé flutningur matarins að kostnaðarlausu.
- 3.2.3 Ef stofnunin kaupir mat hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.2.2, skulu starfsmenn greiða fyrir sambærilegan mat upphæð er svarar til meðaltalsverðs er starfsmenn greiða í mötuneyti Stjórnarráðsins.
- 3.2.4 Starfsmaður sem hefur ekki aðgang að matstofu en ætti að hafa það skv. gr. 3.2.1 eða er á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin, skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 638 kr. enda sé dagleg vinnuskylda starfsmanns 6 klukkustundir eða lengri.
- 3.2.5 Upphæð fæðispeninga breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við matvörulið vísitölu neysluverðs (01 Matur og drykkjarvörur) með vísitölu maí mánaðar 2024 sem grunnvísitölu (236,6 stig) miðað við undirvísitölur frá 2008.
- 3.2.6 Þar sem mötuneyti eru á vinnustöðum, skulu starfsmenn sem kaupa þar fæði, tilnefna 2 trúnaðarmenn úr sínum hópi til þess að fylgjast með rekstri mötuneytisins og eiga aðgang að reikningum þess.

Grein 4.1.1 breytist og verður svohljóðandi:

- 4.1.1 Orlof skal vera 30 dagar (216 stundir miðað við 36 virkar vinnustundir á viku) miðað við fullt starf. Ávinnsla orlofs skal vera hlutfallsleg miðað við starfshlutfall og starfstíma starfsmanns.


11

Fræðslumál

10.1 Nám á grundvelli endurmenntunar-/starfsþróunaráætlunar

10.1.1 Í þeim námskerfum sem samningsaðilar standa að, á starfsmaður sem unnið hefur a.m.k. fjóra mánuði hjá sömu stofnun, rétt á leyfi til að stunda þær námsleiðir sem þar er boðið upp á.

Starfsmaður sem unnið hefur fjögur ár hjá sömu stofnun ávinnur sér einnar viku leyfi hverju ári til að stunda aðra endurmenntun en um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem fellur að starfsþróunaráætlun stofnunar og/eða starfsmanns, þannig að eftir fyrstu fjögur árin í starfi á starfsmaður uppsafnaðar fjórar vikur í námsleyfi. Þó getur uppsafnaður réttur aldrei orðið meiri en 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok.

Starfsmaður sem unnið hefur fjögur ár hjá sömu stofnun og starfs síns vegna sækir sér menntun á hæfnisprepi 5 (bakkalárpróf) eða ofar samkvæmt hinu íslenska hæfnisþrepakerfi, á grundvelli starfsþróunaráætlunar stofnunar og/eða starfsmanns, ávinnur sér tveggja vikna leyfi á hverju ári. Þó getur uppsafnaður réttur aldrei orðið meiri en 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok.

Í stofnun sem ekki hefur sett sér starfsþróunaráætlun á starfsmaður sama rétt til leyfis vegna náms og um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, enda sé um nám að ræða sem tengist starfi viðkomandi.

Heimilt er að veita skemmri eða lengri námsleyfi á skemmra eða lengra árabili.

10.1.2 Launagreiðslur í námsleyfi

Í leyfinu skal starfsmaður halda reglubundnum launum sbr. skilgreiningu í gr. 12.2.6.

Heimilt er að greiða ferða- og dvalarkostnað samkvæmt 5. kafla.

10.1.3 Stofnun er heimilt að takmarka þann fjölda sem nýtir sér þennan rétt við 10% á ári, annað hvort miðað við fjölda vikna eða fjölda starfsmanna sem nýtir sér leyfið, ef aðsókn verður það mikil að það valdi erfiðleikum í rekstri stofnunar.

10.2 Launalaust leyfi

10.2.1 Starfsmaður skal eiga rétt á launalaus leyfi ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar.

10.3 Fræðslusjóðir

10.3.1 Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag er nemi 0,72% af heildarlaunum félaga í Tollvarðafélagi Íslands og skiptist sem hér segir:

10.3.1.1. Vinnuveitandi greiðir sérstakt gjald í starfsmenntunarsjóð. Gjald þetta skal nema 0,32% af heildarlaunum félaga í Tollvarðafélagi Íslands.

10.3.1.2 Vinnuveitandi greiðir sérstakt gjald í Fræðslu- og starfsþróunarsjóð. Gjald þetta skal nema 0,40% af heildarlaunum félaga í Tollvarðafélagi Íslands.

Grein 12.2.6 og 12.2.7 breytast og verða svohljóðandi:

12.2.6 Í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns greiðast auk mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi, fastar greiðslur svo sem fyrir yfirvinnu, vaktahvata, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag og greiðslur fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu starfsmanns sem staðið hefur í 12 almanaxsmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi. Í veikindum kennara skal greiða samkvæmt þeirri stundaskrá sem í gildi er eða síðast gilti miðað við upphaf veikinda hans.

12.2.7 Eftir fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns, skal hann auk launa sem greidd verða skv. gr. 12.2.6, fá greitt meðaltal þeirra yfirvinnustunda og breytingargjalda skv. gr. 2.6.2 sem hann fékk greiddar síðustu 12 mánaðarleg uppgjörstímabil yfirvinnu eða síðustu 12 heilu almanaxsmánuðina. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari grein skal ekki telja með þær yfirvinnustundir sem greiddar hafa verið skv. gr. 12.2.6.

Starfsmaður skóla og annarra stofnana þar sem venjuleg starfsemi liggur niðri hluta ársins, skal í stað reglu þessarar aðeins fá greidda aðra yfirvinnu en greinir í gr. 12.2.6 þá mánuði sem venjuleg starfsemi fer fram og skal yfirvinnustundafjöldinn ákveðinn með því að finna mánaðarlegt meðaltal þeirra tilfallandi yfirvinnustunda sem hann fékk greiddar síðustu 9 heilu starfsmánuði stofnunarinnar eða samsvarandi tímalengd ef starfsmánuðir eru færri eða fleiri.

Grein 12.8.1 breytist og verður svohljóðandi:

12.8.1 Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (86,4) vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaxsári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

5. gr.

Mæðravernd og tæknifrjógungun

Við bætist ný grein 13.3 verður svohljóðandi:

13.3 Mæðravernd og tæknifrjógungun

